

### Fundargerð

## Ársfundur Byggðasafns Vestfjarða 07.12.2017, klukkan 10:00. Fundurinn fór fram á skrifstofu bæjastjóra Ísafjarðarbæjar

Mættir voru: Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Pétur Georg Markan sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, Jón Sigurpálsson forstöðumaður og Helga Þórsdóttir safnstjóri.

### 1. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar safnsins fyrir árin 2015 og 2016.

Engar athugasemdir komu fram við ársreikninga safnsins. Allir viðstaddir höfðu kynnt sér reikningana áður og þeir undirritaðir.

### 2. Fjárhags- og starfsáætlun fyrir komandi starfsár.

Engar athugasemdir komu fram við þennan lið. Forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða upplýsti fundinn um að staða safnvarðar á Þingeyri er lögð niður að uppsagnarfresti Þóris Arnars Guðmundssonar liðnum.

### 3. Styrkumsóknir næsta árs kynntar.

#### Safnasjóður - 4 umsóknir.

- Áframhald sýningarinnar „ég var aldrei barn“
- Munur og mynd
- Félagstíðindi við Djúp
- Smiðjan á Þingeyri.

#### Sóknaráætlun – 4 umsóknir.

- Áframhald sýningarinnar „ég var aldrei barn“ II hluti
- Munur og mynd.
- Smiðjan á Þingeyri
- Einnig var sótt um fyrir Maríu Júlíu (Áhugafélag um MJ) Kynningarmál

#### Fornleifasjóður – 5 umsóknir.

- Sædís
- Rán
- Elja frá Nesi
- Jóhanna frá Dynjanda
- Einnig var sótt um fyrir Maríu Júlíu (Áhugafélag um MJ).  
Ekki komu fram athugasemdir við þennan lið.

### 4. Önnur mál

Ekki kom marga fram hér annað en að geymslumál safnsins voru rædd lítillega, ásamt fyrirhugaðri nýbyggingu og þátt Byggðasafns Vestfjarða innan þess ramma.

Ísafjörður 07.12. 2017

Gísli Halldór Halldórsson  
Pétur Georg Markan

Jón Páll Hreinsson  
Jón Sigurpálsson

Helga Þórsdóttir